109 — **Brjef landshöfðingja *til biskups* um lán handa prestakalli.** — Samkvæmt til-
27. maí. lögum yðar, herra biskup, í brjefi frá 15. þ. m. fellst jeg á, að presturinn á Bergsstöðum í Húnavatnsprófastsdœmi fái 800 kr. embœttislán úr landssjóði til þess að endurbyggja og stœkka kirkjuna þar á staðnum og með þeim skilyrðum, að greiddir verði fyrir fram af tekjum þessa prestakalls 4 % ársvextir af láninu, og að höfuðstóllinn endurborgist á sama hátt með 50 kr. árlega frá því, að lánið er tekið og þar til því að fullu er lokið.

110 — **Brjef landshöfðingja *til póstmeistarans* um ný póstmerki.** — Með því að það
27. maí. hefir verið álitið haganlegt, að lönd þau, sem eru í allsherjar póstsambandinu, hefðu öll sama lit á hverri um sig af hinum ýmsu póstmerkjategundum (20 a., 10 a., 5 a.) hefir af íslenzkum póstmerkjum verið búið til

5 aura póstmerki græn að lit,
20 — —— blá — —
40 — —— lifrauð — —

en 10 — póstmerkjunum með rauða litnum er haldið óbreyttum.

Hin nefndu nýju póstmerki ber frá 1. júlí næstk. að nota sem burðareyri undir póstsendingar milli Íslands og Danmerkur og milli Íslands og annara þeirra landa, sem eru í allsherjar póstssambandinu. Þar á móti má fyrst um sinn nota hin gömlu 5 a., 20 a. og 40 a. merki undir póstsendingar *innanlands*.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra póstmeistari, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1880 og 1881 9. grein C. 4.

voru lagðar framfara og búnaðarfjelögunum á Akureyri 30 kr., Bægisársókn 110 kr. í Grýtubakkahreppi 130 kr., í Skútustaðahreppi 90 kr., í Fljótsdal 50 kr., í Breiðdal 25 kr., í Vopnafirði 80 kr., í Vallahreppi, viðbót við áðurfenginn styrk) 20 kr. alls . . . . . 535 kr.
kynbótafjelagi Skagfirðinga . . . . . 100 —
búnaðarsjóði norður- og austurumdœmisins . . . . . 225 —

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1882 og 1883

10. gr. C. 4.

voru samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu (sbr. landsh.br. 25. jan. 1882 B.5) um, að lagðar verði til launa búfræðingi 1882. . . . . 320 kr.
Sira Páli í Þingmúla og Eyjólfi á Stuðlum hvorum um sig 100 kr. vaxtalaust lán til að hlaða stíflugarða . . . . . 200 —
og tillögur sýslunefndanna í Norður og Suður Þingeyjarsýslu um að 220 kr. í fyrnefndu sýslunni 550 kr. í síðarnefndu sýslunni verði varið til að launa ferða-búfræðingum.

10. gr. C. 5.

Til 7 fjallvega í norður- og austurumdœminu, sjá að framan landshöfðingjabrjef 6. febr. 1882 (B. 15)	6150 kr.		
enn fremur til framhalds vegagjörð á Grímstunguheiði . .	1500 —	7650 kr.	
Til sýsluvega í sama umdœmi (sjá sama brjef)		2500 —	10150 kr.
Til fjallvega í suðurumdœminu:			
á Hellisheiði og Svínahrauni	2000 kr.		
á Mosfellsheiði	1000 —	3000 —	
Til sýsluvega á aðalpóstleiðum í suðurumdœminu		2000 —	5000 —
Til fjallvega í Vesturumdœminu:			
á Þorskafjarðarheiði	2000 kr.		
á Bröttubrekku, Laxárdalsheiði og Haukadalsheiði	1000 —	3000 —	
Til sýsluvega á aðalpóstleiðum		1500 —	4500 —

Það var falið amtsráðum að skipta fje því, sem lagt var til sýsluvega með þeim skilyrðum, sem tiltekin eru í fjárlögunum, sbr. brjef landshöfðingja 6. febr. 1882 (B. 15).